

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Reykjavík, 29. nóvember 2018

Efni: Frumvarp til laga um pósthjónustu (Mál nr. 270)

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um pósthjónustu. Með frumvarpinu er lagt til að einkaréttur ríkisins á sviði pósthjónustu verði afnuminn og opnað verði fyrir samkeppni á póstmárkaði. Frumvarpið á sér langan aðdraganda, en Viðskiptaráð fagnar því að til standi að stíga lokaskrefið í afnámi einkaréttar hins opinbera á sviði pósthjónustu og tekur undir meginefni frumvarpsins. Ísland er eina landið innan EES sem ekki hefur afnumið framangreindan einkarétt og er þetta skref því löngu tímabært.

Viðskiptaráð skilaði umsögn um drög að frumvarpi til laga um pósthjónustu árið 2016 og fjallaði ráðið þar um afskipti hins opinbera á samkeppnismárkaði og áhrif þess.¹ Hlutverk stjórnvalda er að stuðla að heilbrigðu atvinnulífi, þar sem samkeppni og márkaslögmál fá þrífist, án inngripa eða röskunar stjórnvalda. Stjórnvöld ættu því að málka sér þá stefnu að um leið og einkaaðilar hasla sér völl á einhverju sviði verði sambærileg verkefni opinberra aðila lögð niður ef svo ber undir. Að sama skapi ættu stjórnvöld að nýta tækifæri til að færa verkefni úr höndum hins opinbera til einkaaðila þegar unnt er.

Þar sem öll ríki innan EES hafa afnumið einkarétt ríkisins á póstmárkaði er Viðskiptaráð fylgjandi því að íslenska ríkið geri slíkt hið sama og tekur frumvarpinu fagnandi. Viðskiptaráð leggur til að það nái fram að ganga. **Viðskiptaráð hvetur því til að frumvarpið verði samþykkt.**

Virðingarfyllst,

Gunnar Dofri Ólafsson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

¹ Sjá umsögn Viðskiptaráðs: <https://vi.is/%C3%BAtg%C3%A1fa/umsagnir/2015-2016/postthjonusta.pdf>